



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 12 - 14
150 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 24. janúar 2022
Tilv.: UMH22010045/8.13

Vísað er til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 7. janúar sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá ákvæðum 14. og 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, vegna kennslu fyrir hluta Hagaskóla í húsnæði að Ármúla 30 í Reykjavík. Í erindinu kemur fram að kennsla fari fram á 1. hæð, þ.e. jarðhæð, og á 2. hæð húsnæðisins. Um 200 nemendur verði með aðstöðu í húsnæðinu, matsalur sé á jarðhæð og verði matast í honum. Handlaugar séu nálægt matsal og salerniskjarnar á báðum hæðum. Húsnæðið hýsti áður stóra starfsemi fyrir skrifstofur og henti ágætlega fyrir þessar fjölda og starfsemi. Sótt sé um undanþágu frá ákvæðum 14. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti um að húsnæði skuli hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemi sé í samræmi við samþykka notkun húsnæðis og frá ákvæðum 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti um að aðstaða til aðhlyningar nemenda skuli vera í skólum vegna skyndiveikinda og um að handlaug skuli vera í hverri kennslustofu í grunnskólum.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar þann 7. janúar sl.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 19. janúar sl. segir að í kjölfar þess að Hagaskóla hafi verið lokað á síðustu önn vegna viðgerða á húsnæði skólans hafi skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar óskað eftir því að heilbrigðisnefndin tæki út húsnæðið að Ármúla 30 fyrir starfsemi skólans þar til bráðabirgða. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi framkvæmt úttekt á húsnæði á 1. og 2. hæð að Ármúla 30 sem nýta eigi fyrir starfseminna þann 13. janúar sl. Niðurstaða úttektarinnar hafi verið sú að þar gæti farið fram tímabundin grunnskólustarfsemi Hagaskóla til bráðabirgða, að því tilskyldu að sótt yrði um starfsleyfi hjá Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fyrir starfseminni og að fengin yrði undanþága frá ákvæðum 14. og 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur veiti jákvæða umsögn um veitingu á tímabundinni undanþágu frá 14. og 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002, fyrir grunnskólustarfsemi á 1. og 2. hæð í húsnæðinu við Ármúla 30. Verði umbeðin undanþága veitt fyrirhugi heilbrigðisnefndin að veita starfsleyfi fyrir grunnskólustarfsemi í húsnæðinu við Ármúla 30 út þetta skólaár.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við að umbeðin tímabundin undanþága verði veitt út árið 2022 að því gefnu að öðrum skilyrðum starfsleyfis verði fylgt í hvívetna, ásamt þeim skilyrðum sem ráðherra kann að binda undanþáguna, verði hún veitt.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem hafa skapast við lokun Hagaskóla vegna skemmda og nauðsyn þess að ráðast í skjótar viðgerðir, þarf að bregðast við og tryggja tímabundið húsnæði fyrir

nemendur Hagaskóla til að halda kennslu og skólastarfi áfram a.m.k. út þetta skólaár. Í ljósi þessa, framangreindra umsagna og brýnni þörf á að skólastarf Hagaskóla geti haldið áfram með sem minnstri röskun og með vísan til 2. mgr. 41. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. einnig 74. gr. reglugerðar um hollustuhætti, fellst ráðuneytið á að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar undanþágu frá 14. og 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, vegna kennslu á 1. og 2. hæð í húsnæði við Ármúla 30 í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar skal tryggja öryggis- og hollustuháttareglur.

Starfsemin er starfsleyfis skyld og háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Undanþága þessi er bundin því skilyrði að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur veiti starfsleyfi fyrir grunnskólastarfsemi í umræddu húsnæði við Ármúla 30 í Reykjavík.

Undanþága þessi gildir út skólaárið 2021/2022 eða lengst til 15. júní 2022.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur vegna starfseminnar.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur